



## Velferðar- og mannréttindaráð

### Efni: Virkniþing í þágu eldra fólks í Kópavogi

Kópavogi, 5. Mars 2026  
**2603948**

Virkniþing eldra fólks í Kópavogi fór fram á dögnum og tókst afar vel. Þingið var vel sótt og skapaði mikilvægan vettvang fyrir íbúa til að kynna sér fjölbreytta þjónustu og úrræði sem stuðla að virkni, heilsueflingu og félagslegri þátttöku eldra fólks í Kópavogi.

Björg Baldursdóttir sitjandi formaður velferðar- og mannréttindaráðs setti þingið formlega og að því loknu flutti Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri ávarp þar sem hún lagði áherslu á markvissa þjónustu, samstarf og mikilvægi virkrar þátttöku eldra fólks í samfélaginu.

Dr. Viðar Halldórsson flutti fræðsluerindi undir yfirskriftinni Félagslegir töfrar og síðar buðu félagar úr Virkni og vellíðan upp á skemmtilegt og vel heppnað línudansatriði.

Á þinginu voru kynningarbásar m.a. frá Boðanum, Bókasafni Kópavogs, Félagi eldri borgara í Kópavogi, Gjábakka/Gullsmára, GKG, Kópavogskirkju, Krónunni, Mjólkursamsölunni, IceHerbs, Öryggismiðstöðinni, Rauða krossinum og Virkni og vellíðan. Kynningaraðilar buðu upp á kynningarefni og ráðgjöf um heilsueflingu, næringu, öryggi, félagsstarf og stafrænar lausnir.

Viðbrögð gesta voru jákvæð og bárust hrós fyrir skipulag, fræðslugildi og aðgengi að fjölbreyttum þjónustuaðilum á einum stað. Samstarf allra aðila skapaði traustan grunn fyrir áframhaldandi þróun og eflingu þjónustu við eldra fólk í Kópavogi.

Áform eru um að Virkniþing í þágu eldra fólks í Kópavogi verði fest í sessi sem árlegur viðburður, með áherslu á stöðuga þróun og frekari stækkun á komandi árum.

Virðingarfyllst,

Hlín Sigurpórsdóttir  
Verkefnastjóri